

Sp.

153. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1969.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Meiri hluti fjárveitinganefndar gerir, eins og venja er til, grein fyrir þeim til-
lögum, sem nefndin flytur sameiginlega. Aðild okkar að þeim er með svipuðum
hætti og verið hefur. Við höfum óbundnar hendur um þær í heild og hverja einstaka
þeirra. Þær munu hins vegar vera með þeim hætti flestar, að við munum leggja

þeim lið. Hins vegar eru áhrif fjárveitinganefndar á þessa fjárlagaafgreiðslu sáralítil enn þá. Þær breytingar, sem fram koma við fjárlagafrv., eru flestar vegna áhrifa frá gengisbreytingunni.

Ekki er enn þá hægt að segja um niðurstöðutölur fjárlagafrv., þar sem stórir framkvæmdaliðir, eins og skólabyggingar og hafnir, biða 3. umræðu. Afstaða okkar til tillögugerðar við þessa umræðu miðast því við þá óvissu, sem um þau mál er.

Efnahags- og atvinnumálin og staða þjóðarinnar út á við eru málin, sem þjóðin talar um um þessar mundir og spáir fram í framtíðina þar um.

Í nefndaráli okkar munum við fyrst og fremst ræða um þessa málaflokka og möguleika ríkisstjórnarinnar til að leysa vandamálin á farsælan hátt. Þann þátt munum við rökstyðja með dæmum frá aðgerðum hennar og afkomu atvinnuveganna og þjóðarinnar í heild á góðu árunum. Við munum einnig skýra frá tillögum okkar í stjórnarandstöðunni til lausnar á efnahagsvandannum og ræða og gera tillögur til fjárveitinga til að skapa atvinnuöryggi á komandi ári.

Í bókinni „Viðreisn“, er ríkisstjórnin gaf út á kostnað ríkissjóðs í ársbyrjun 1960, lýsti hún stefnu sinni m. a. svo: „Ríkisstjórnin leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi þjóðarinnar sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirinnir hafa húið við undanfarin ár.“

Núverandi forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson, lýsti þá í áramótagrein í Morgunblaðinu, hvað ríkisstjórnin ætti við, þegar hún talaði um „varanlega lausn og heilbrigðari stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar“. Þar segir m. a. svo: „Það kann ekki góðri lukku að stýra, að sjávarútvegurinn, sem framleiðir nær allar útflutningsvörur þjóðarinnar, fær ekki staðizt nema með ríkisstyrkjum.“

Þegar ríkisstjórnin gaf þessar yfirlýsingar, var hún að ganga frá sinni fyrstu gengisfellingu, — gengisfellingu, sem átti að tryggja þessa efnahagsmálastefnu hennar í framkvæmd. Ber nauðsyn til þess að gera sér nú grein fyrir því, hvornig framkvæmd þessarar stefnu hefur tekizt, ekki sizt þegar það er haft í huga, að ríkisstjórnin kennir erfiðu árferði um þá efnahagsörðugleika, sem þjóðin á nú við að etja.

Ekki skal úr því dregið, að minni afli og lægra verð á útflutningsvörum þjóðarinnar valda erfiðleikum í efnahagsmálum, hennar. En við það að minna á aðstöð ríkissjóðs við atvinnuvegina á árunum 1961—1967 sannast, að stefna ríkisstjórnarinnar er slík, að aðalútflutningsatvinnuvegurinn gat ekki starfað án styrkja í góðærinu, hvað þá í erfiðara árferði. Árin eftir 1960 voru beztu viðskiptaár í sögu þjóðarinnar, eins og eftirfarandi tafla sýnir, en hún er birt í síðasta hefti Fjármálatíðinda, bls. 239:

	Viðskiptakjör
1954	100.0
1955	102.7
1956	99.8
1957	96.6
1958	104.5
1959	106.1
1960	100.0
1961	111.6
1962	111.6
1963	111.9
1964	118.7
1965	131.5
1966	131.8
1967	118.9

Þessi skýrsla sannar hið sérstaka árferði, er þá var, og einstöku viðskiptakjör, er þjóðin bjó við þá. Til viðbótar má geta þess, að ríkisstjórnin hefur sjálf verið

viðriðin eða jafnvel staðið að öllum kjarasamningum, sem gerðir hafa verið milli stéttarféлага og vinnuveitenda frá og með árinu 1964. Engin ríkisstjórn hefur því fengið jafngullið tækifæri til að koma yfirlýstri stefnu sinni í framkvæmd sem þessi. Hvað segir svo reynslan um stjórn hennar á málefnum þjóðarinnar á þessum árum?

Árið 1961 var gengi íslenzkrar krónu fellt öðru sinni vegna atvinnuveganna að sögn ríkisstjórnarinnar. Í ársbyrjun 1964 var söluskattur hækkaður, til þess að ríkissjóður gæti veitt sjávarútveginum beinan stuðning. Í ársbyrjun 1965 var enn á ný farið til fanga vegna stuðnings ríkissjóðs við sjávarútveginn, þrátt fyrir yfirlýsingu forsætisráðherra, sem vitnað var til í upphafi, vegna þess að atvinnuvegurinn, sem framleiðir nær allar útflutningsvörur þjóðarinnar, gat ekki staðizt, nema með ríkisstyrkjum þrátt fyrir góðærið. Þessa fjár var aflað m. a. með 20% niðurskurði á fjárveitingum til verklegra framkvæmda. Nam sú fjárhæð tugum milljóna.

Þegar líða tók á árið 1966, tók ríkisstjórnin til að auka niðurgreiðslur á vöruverði verulega, og í lok þess árs, þegar liðin voru tvö samfelld mestu góðæri í sögu þjóðarinnar, var staða atvinnuveganna slík, að niðurgreiðslur voru stórfelldari en nokkru sinni fyrr og gera varð sérstakar ráðstafanir til stuðnings sjávarútveginum með auknum ríkisstyrkjum í byrjun ársins 1967, svo að milljónum tuga nam. Fjárins var aflað með 10% viðbótarniðurskurði á verklegum framkvæmdum. Vegna kosninganna sumarið 1967 voru 12.5 millj. króna uppbætur ákveðnar vegna tjóna á fiskinótum. Og í lok þriðja bezta viðskiptaárs í sögu þjóðarinnar, sem kom í kjölfar tveggja þeirra beztu, var gengi íslenzku krónunnar fellt í þriðja sinn á átta ára góðæristímabili viðreisnarstjórnarinnar, þeirrar ríkisstjórnar, sem hét þjóðinni því, að framleiðslu- og viðskiptalífi hennar skyldi skapaður traustur, varanlegur og heilbrigður grundvöllur, en hefur orðið að styðja atvinnuvegina með hækjum ríkisstyrkja á mestu uppgripaárum vegna eigin stjórnleysis.

Afrekssaga ríkisstjórnarinnar í stjórn á efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar er ekki öll sögð, þó að þátturinn frá góðu árunum sé sagður og sanni getuleysi hennar, svo að ekki verði um villzt. Árið 1968 á einnig sína sögu.

Gengisbreyting var gerð 24. nóv. 1967. Þá voru gefnar út margar yfirlýsingar frá ríkisstjórninni um ágæti þess verknaðar og hugrekki ríkisstjórnarinnar. Því var þá einnig lýst, hve hjart væri fram undan. M. a. sagði viðskiptamálaráðherra þetta í sjónvarpi að kvöldi þess dags: ... „Þess vegna hefur gengi krónunnar nú verið lækkað. Tilgangurinn er að hleypa nýju lífi fyrst og fremst í sjávarútveg og iðnað. Það kostar fórn af hálfu okkar allra í bráð, en sú fórn mun bera árangur. Hún mun bera árangur í aukinni atvinnu, í verndun heilbrigðs og frjáls vöruframboðs, í vaxandi gjaldeyrissjóði á ný, í verndun þess lánstrausts, sem hætta var á að minnkaði ... Þá mun tímabil erfiðleikanna von bráðar á enda og björt framtíð blasa við þjóðinni.“

Og Morgunblaðið sagði m. a. þetta í leiðara 26. nóv. 1967: „Með gengislækkuninni er hins vegar lagður grundvöllur að nýju framfaraskeiði atvinnuveganna.“

Hvað segir reynslan síðan um árangurinn af gengisbreytingunni 1967? Rétt þykir að rifja hér upp atburðina í rétttri röð, eins og þeir gerðust á árinu 1968. Þeir sýna glögglega vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og stjórnleysi. Þeir sýna, hvernig fer fyrir þjóð, þegar ríkisstjórn hennar hefur tapað tókum á málefnum hennar, þegar ríkisstjórn á þá hugsjón eina að sitja í valdastólum, þó að úrræði hennar í vandamálum þjóðarinnar í dag skapi fleiri og erfiðari úrlausnarefni á morgun.

Atburðirnir eru þessir:

Nóvember: Gengisbreytingin gerð, yfirlýsing um, að hún sé sérstaklega vel undirbúin og leysi vanda þjóðarinnar.

Desember: Fjárlagaafgreiðsla, tollalækkun boðuð síðar um 250 millj. kr.

Janúar: Uppbótakerfið aukið um 320 millj. kr. ofan á gengisbreytinguna.

Febrúar: Tollalækkun varð aðeins 160 millj. kr. í staðinn fyrir 250 millj.

- Marz: Hækkun á tekjustofnum, m. a. tóbaki og áfengi, frestun ríkisútgjalda, fyrst og fremst til framkvæmda, og stofnað til nýrrar lántöku.
- Apríl: Skattahækkunir vegna vegamála 160—190 millj. kr.
- Mái—júni: Sildarvíxillinn samþykktur, fjárhæð ókunn.
- Júlí—ág.: Viðbótaruppbætur til hraðfrystihúsanna, nokkrir milljónatugir.
- Sept.: 20% tollur lagður á allan innflutning og ferðagjaldeyri, ca. 500—600 millj. kr. miðað við heils árs innflutning.
- Október: Óraunhæft fjárlagafrumvarp lagt fram til að fullnægja formi, en hefur enga raunhæfa þýðingu.
- Nóvember: Lokabáttur stórviðburða ársins 1968 er svo gengisbreyting í nóv. s. l., sem orsakaði 54.4% verðhækkun á dollar, sem kemur eins og punktur yfir ráðleysi og basl ríkisstjórnarinnar árið 1968.

Forsætisráðherra leitaði til stjórnarandstöðuflokkanna í byrjun sept. s. l. og óskaði eftir því, að allir stjórnarmálaflokkarnir tækju upp samstarf um lausn efnahagsvandans, eins og það var orðað.

Þjóðinni er ekki ljóst enn þá, að hverju var stefnt með þessum viðræðum. En tvennt sannar það, að stjórnarflokkarnir gengu ekki til þessa leiks í þeim tilgangi að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um lausn vandans í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í fyrsta lagi mættu stjórnarliðar til leiks óundirbúnir. Þeir komu eins og ólesið barn í skóla. Það tók Seðlabankann og Efnahagsstofnunina nærri tvo mánuði að safna gögnum, sem þurftu að liggja fyrir í upphafi, svo að viðræðurnar gætu hafizt. Slíkt kæruleysi hefði ríkisstjórnin ekki sýnt, ef hún hefði stefnt að því að ná samkomulagi.

Í öðru lagi sannar stjórnarmálaályktun Alþýðuflokksins frá 20. okt. s. l., að stjórnarflokkarnir vildu ekki samkomulag við stjórnarandstöðuna. Þar er gerð samþykkt um áframhaldandi samstarf núverandi stjórnarflokka, en hugmyndinni um þjóðstjórn, sem hlaut að verða að veruleika, ef árangur yrði af viðræðunum, þar með vísað á bug, enda kom það á daginn fljótt eftir flokksþingið, að áhugi stjórnarflokkanna á árangri viðræðnanna var enginn. Vilji til stefnubreytingar, sem var forsenda fyrir árangri, var ekki til staðar, enda var þeim viðræðum hætt með jafnviplitlum hætti og til þeirra var stofnað.

Ríkisstjórnin, sem ekkert hafði lært af árangursleysi fyrri gengisfellinga, ákvað að breyta gengisskráningunni einu sinni enn og nú hvað mest og hækkaði söluverð dollars gagnvart íslenskri krónu um 54.4%.

Breyting á skráðu gengi gjaldmiðils er ein af þeim leiðum, sem þjóðir heims nota til að koma jafnvægi á í efnahagskerfi sínu. Til slíkra ráðstafana er venjulega ekki gripið, nema fyrir liggja gild rök. Svo mjög getur verðlag á erlendum gjaldeyri orðið í ósamræmi við annað verðlag í landinu sjálfu, að það beinlínis skapi vandamál. Gegn slíkum vanda er þá oftast snúizt með því að breyta skráningu á genginu og þá jafnan með því að hækka verð á erlendum gjaldeyri, þótt fleiri leiðir geti komið til. Ótraust gengi á gjaldmiðli er einkenni á sjúku efnahagslífi þjóða. Íslenska þjóðin þurfti nú að gæta sérstakrar varúðar í sambandi við gengisbreytingu, þar sem hún var búin að fella gengi krónunnar fyrir tæpu ári og staða hennar út á við var mjög veik.

Áróður stjórnarflokkanna beinist að því að telja gengisbreytinguna til jákvæðs atburðar, svo sem hann ætti sér engan líka í veraldarsögunni fyrir ágæti sitt og nú hefðu þeir himin höndum tekið. Jafnframt þessu er svo blásið út, að stjórnarandstaðan sé ábyrgðar- og úrræðalaus. Síðar í þessu nefndaráliti mun verða vikið að úrræðum stjórnarandstöðunnar, en fyrst mun verða dregið á viðhorf stjórnarinnar sjálfra til gengisbreytingar og afleiðinga hennar, eins og þau horfa við tæpum mánuði eftir að hún var framkvæmd.

Síðla sumars 1967, eftir að kjörbréf höfðu verið undirrituð og þjóðin hafði glatað þeim tækifærum, sem hún hafði fyrir það sumar til að knýja fram breytta stefnu í efnahagsmálum með kosningum, fór ríkisstjórnin að segja þjóðinni réttara

en áður frá stöðu hennar í efnahagsmálum. Gaf hún út ýmsar yfirlýsingar. M. a. gaf viðskiptamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, þessa yfirlýsingu í sjónvarpi 25. ágúst 1967, samkvæmt frásögn Alþýðublaðsins daginn eftir: ... „Ráðherrann kvaðst ekkert geta sagt um það enn, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar til að mæta þessum vanda, en hins vegar gæti hann fullyrt, að gengislækkun væri ekki rétta ráðið. Gengislækkun skapaði alltaf vandamál, og undir núverandi kringumstæðum teldi ríkisstjórnin, að gengislækkun mundi skipa meiri og stærri vandamál en hún leysti.“

Og Bjarni Benediktsson forsætisráðherra gaf þessa yfirlýsingu á Alþingi 16. okt. 1967: ... „er ég sannfærður um, að gengislækkun skapar okkur fleiri örðugleika heldur en þann vanda, sem hún leysir. Ég er sannfærður um það, að þeir, sem tala um gengisbreytingu, sem ætli að verða lausn, er hjálpaði sjávarútveginum, jafnvel iðnaðinum og örugglega kæmi í veg fyrir atvinnuleysi á næstu missirum, hafa ekki hugsað það mál til hlítar.“

Þegar þessar yfirlýsingar eru athugaðar, kemur það á óvart, að þessir tveir menn skuli síðan hafa haft forustu um að lækka gengi íslenzkrar krónu og það svo, að Bandaríkjadollar hefur hækkað í verði gagnvart íslenzkri krónu um 104.4% á einu ári.

En það voru fleiri atriði, sem ríkisstjórninni bar skylda til að taka tillit til, en þessar yfirlýsingar formanna stjórnarflokkanna. Hún átti að vera minnug þess, hvernig gengisbreytingin rann gersamlega út í sandinn, um leið og hún var framkvæmd haustið 1967, þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um, hversu sérstaklega vel hún væri undirbúin. Hún átti að gera sér grein fyrir stöðu okkar út á við. Einnig átti ríkisstjórnin að gera sér það ljóst, að auk þeirra verðhækkana, sem verða af völdum gengisbreytingarinnar á innfluttum vörum, verður þjóðin með einum eða öðrum hætti að greiða hækkanir þær, sem verða á skuldum hennar í íslenzkum krónum, vegna erlendra lána. Hér er um að ræða stórfelldari greiðslur en nokkru sinni fyrr hafa þekkt, og ekki er ljóst, hvernig það vandamál verður leyst. En eitt er víst, að þessar hækkanir flæða út í verðlagið fyrr en seinna.

Máli okkar til sönnunar um skuldahækkanir viljum við nefna nokkur dæmi, er sýna, hvað hér er um mikið alvörumál að ræða, en þau eru þessi:

Hækkun skulda í millj. kr.

Sementverksmiðja ríkisins	um 100
Rafmagnsveitur ríkisins	276
Stofnlánadeild landbúnaðarins	76.5
Landssími Íslands	um 30
Áburðarverksmiðja ríkisins	23
Sami, vegna rekstrar	49
Vegasjóður	108.2
Landshafnir	79
Fiskveiðasjóður	96
Fiskiskip	373

Hér að framan hefur verið vikið að áhrifum frá erlendum skuldum á verðlag vegna gengisbreytingarinnar, og er fjárlagafrv. gott dæmi um þessi áhrif. Ríkisstjórnin lækkaði hvorki aðflutningsgjöld né söluskatt, þrátt fyrir það að stofninn hækkaði gífurlega, um ca. 40—50%. Niðurstöðutölur fjárlagafrv. hækka nú um 350—400 millj. kr. við það að umreikna liði út frá afleiðingum gengisbreytingarinnar. Við þann umreikning hækka einstakir gjaldaflokkar í hundradshlutum sem hér segir:

Laun (visitala 1. des.)	1.5%
Önnur rekstrargjöld	35 —
Viðhald	20 —
Vextir erlendra lána	54.4—
Verðtryggð lán	18 —

Hins vegar hækka framlög til verklegra framkvæmda ekki nema um nokkurn hluta af verðhækkuninni eða um 50—60% hennar.

Þegar þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, eru skoðaðar nánar, ætti öllum að vera ljóst, að ekki var að undra þótt stjórnarandstaðan legði sig fram um að leita úrræða til að draga úr svo stórfelldri gengisbreytingu sem hér hefur verið gerð. Og höllt hefði forsætisráðherra verið að virða fyrir sér yfirlýsinguna frá því í okt. 1967 um það, að gengisbreyting skapaði fleiri vandamál en hún leysti, áður en hann tók þá ákvörðun, sem nú hefur verið tekin í efnahagsmálum.

Til viðbótar því, sem hér hefur verið nefnt, verður ekki séð, hvernig almenn- ingur á að komast af, eftir að 18% kjaraskerðing er komin í framkvæmd.

Fólkið, sem hefur lagt nótt við dag til að eignast íbúðir, horfir nú með kvíða fram á veginn. Vísitöluhækkunin leggst á lán þess, en ekki á kaup. Unga fólkið, sem á eftir að stofna heimili, sér fyrir sér risavaxnar fjárhæðir, er þarf til þess að koma því í framkvæmd. Þó tekur steininn úr varðandi meðferðina á þeim, sem lagt hafa þjóðinni til sparifé. Það fólk er beinlínis féflett með endurteknum gengis- lækkunum. Virðingarleysi fyrir fjármunum vex með hverri nýrri aðgerð. Svindl og brask eykst að sama skapi. Stjórnleysi og verðbólga er afleiðing athafna þeirrar ríkisstjórnar, er nú situr í ráðherrastólum.

Eins og áður er að vikið í þessu nefndaráliti, kemur það fram í áróðri ríkis- stjórnarinnar, að stjórnarandstaðan hafi engar tillögur, engin úrræði til lausnar á vandamálum þjóðarinnar. Stjórnarandstaðan skýrði frá tillögum flokka sinna í viðræðum stjórnmalaflokkanna, og síðar gerðu formenn flokkanna það við um- ræður á Alþingi í sambandi við gengisbreytinguna.

Skal nú að því vikið, hvernig stjórnarandstaðan hugsaði sér, að þjóðin leysti vandamál efnahagsmálanna.

Þrjú meginatriði taldi stjórnarandstaðan, að yrðu að vera grundvallaratriði, sem að yrði keppt.

1. Að lausnin tryggði fulla atvinnu.
2. Tilfærslan milli stéttanna yrði sem minnst og legðist á þá, sem breiðust hefðu bökin.
3. Að aðgerðinni fylgdi sem minnst áhætta fyrir fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar.

Stjórnarandstaðan lagði til, að byrjað yrði á því að minnka vandann með því að draga úr rekstrarkostnaði, draga úr eyðslu, með því að nota fjármuni með stjórn- semi og samkvæmt skipulagi, beina fjárfestingu að þeim verkefnum, sem þjóðina skipta mestu, og með stjórn á notkun erlends gjaldeyris.

Þegar þjóðin breytir um stefnu frá því, sem nú er, tekur hún upp stjórn á efnahagsmálum, í stað stjórnleysis, snýr frá verðbólgestefnu að festu og sparnaði. Sú stefnubreyting á fyrst að eiga sér stað í ríkisbúskapnum sjálfum. Útþensla, eyðsla og ofsköttun undanfarin ár hefur haft meiri áhrif á verðbólguna og almenna eyðslu í landinu en hægt er að gera grein fyrir í nefndaráliti sem þessu.

Venjan hefur verið sú, að ríkisstjórnin hefur aflað tekna handa atvinnuveg- unum, eins og skýrt hefur verið frá hér að framan, en tekið þann tekjustofn til ríkissjóðs við næstu áramót á eftir og aflað þá nýrra tekna vegna atvinnuveganna. Og segja má með réttu, að aukaskattur hafi fylgt flestum málum, sem fram hafa gengið í stjórnartíð núverandi valdhafa, enda er nú svo komið vegna verðbólgu, margendurtekinnna gengisbreytinga, ofsköttunar og eyðslu, að fjárlög hafa hækkað úr 1 500 millj. kr., eins og þau voru eftir gengisbreytinguna 1960, í 7 000 millj. kr. á árinu 1969.

Gegn þessari útþenslu og eyðslu verður að ráðast. Það verður að snúa frá braut verðbólgu og gengislækkana, ef þjóðin á að vera efnahagslega sjálfstæð.

Við fjárlagaafgreiðslu á síðasta þingi bentum við stjórnarandstæðingar á, að nauðsyn bæri til að endurskoða rekstur alls ríkiskerfisins og að happadryggt mundi reynast, að fjárveitinganefnd ynni þetta verk.

Á síðastliðnu sumri var þetta verk hafið með starfi undirnefndar úr fjárveitinganefnd. Þessu starfi verður að halda áfram. Uppbygging í ríkiskerfi okkar er að formi til nær hálftrar aldar gömul. Við komum ekki á nýjum síðum í tækni og þekkingu án þess að gera ríkiskerfið svo dýrt, að ofvaxið sé okkar litlu þjóð, nema við getum breytt skipulaginu og sameinað stofnanir og embætti. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að við embætti og stofnanir í nútímaþjóðfélagi er mikill annar kostnaður en vinnulaun, það er húsaleiga, ferðakostnaður, skrifstofuvélar o. fl. Mannakaupið getur jafnvel allt að því horfið í skuggann, þegar húsaleiga fyrir embætti er orðin eins og laun 5—6 skrifstofumanna, eins og dæmi eru nú til um. Þróunin verður sú, að í framtíðinni verða færri og stærri stofnanir, einnig hjá ríkinu, ef rétt verður stefnt. Við viljum leggja áherzlu á það, að flokkar okkar vilja vinna að endurskoðun á ríkiskerfinu á þann veg, er hafið var á síðastliðnu sumri.

Við viljum hér með benda á nokkur atriði, sem við teljum eðlilegt að athuguð verði til að koma á breyttu skipulagi og sparnaði.

1. Að rekstur skipa ríkisins, þ. e. flutningaskipa, varðskipa, rannsóknarskipa, vitaskipa o. fl., verði sameinaður og falinn Skipaútgerð ríkisins.
2. Að athugað verði, hvort hagkvæmt væri að sameina verkstæði og viðgerðaþjónustu fyrir Vita- og hafnarmálastjórn, Orkustofnun, Flugmálastjórn, Skipaútgerð ríkisins, Landssímann og jafnvel Vegagerð ríkisins o. fl. ríkisfyrirtæki. Jafnframt verði athugaðir möguleikar á því að sameina þessa viðgerðaþjónustu starfsemi Landssmiðjunnar.
3. Að athugað verði, hvort hagkvæmt sé að setja upp sameiginlega verkfræði- og tækniþjónustu fyrir ríkisstofnanir, t. d. þær, er fjalla um hafnamál, vitamál, orkumál, flugmál, vegamál, Landssímann, Skipaútgerð ríkisins o. fl.
4. Að Landnám ríkisins verði sameinað Búnaðarfélagi Íslands.
5. Að Orkustofnun og ríkisrafveitur sameinist í eina stofnun.
6. Að hraðað verði endurskoðun utanríkisþjónustunnar.
7. Að hraðað verði endurskoðun á framkvæmd skattalaganna og útdráttarreglur verði upp teknar nú þegar við endurskoðun framtala.
8. Að endurskoðaðar verði reglur um innheimtu og eftirlit með skilum á sölu-skatti, þar sem stefnt yrði að öruggari skilum.
9. Að endurskoða alla leigumála ríkisins um húsnæði og stefnt að því að lækka þá. Jafnframt verði settar reglur um húsnæði embætta o. fl., svo að samanburður verði auðveldari.
10. Að setja póst- og símamálastjórninni nýtt stjórnarform, annaðhvort með sérstakri stjórn eða föstu skipulagi í tengslum við ráðuneytið.
11. Að fella niður hlunnindi embættismanna, forstjóra og annarra þeirra aðila, er hafa sérstaka bifreið frá embætti eða stofnun. Hins vegar verði starfsmönnum ríkisins greitt samkvæmt akstri, ef þeir nota eigin bifreið í þágu embættis eða stofnunar.
12. Að athugað verði, hvort hagkvæmt væri að reka t. d. hér í Reykjavík bifreiðastöð með vöru- og sendiferðabifreiðar, sem ríkisstofnanir skiptu við, í stað þeirrar skipunar, sem nú er, að stofnanir eigi og hafi þessar bifreiðar sjálfar.
13. Að eftirlitsstörf með verklegum framkvæmdum ríkisins verði sem mest sameinuð. T. d. verði eftirlit með prestssetrum og kirkjugörðum fellt saman í eitt starf.
14. Að gætt verði hófs um utanfarir á vegum ríkisins.
15. Að settar verði reglur um opinberar veizlur og móttökur.
16. Að lög um lögreglumál verði endurskoðuð með það fyrir augum að draga úr kostnaði. T. d. verði það ákvæði fellt úr lögum, að lögreglumönnum fjölgi sjálfkrafa við aukinn íbúafjölda, heldur komi þar til ákvörðun sveitarstjórna og lögregluvalda.

Þessar ábendingar verða látnar nægja að sinni. Þessi atriði eru ekki valin vegna þess, að fleira geti ekki haft jafnmikil áhrif á ríkisreksturinn til úrbóta, nema síður sé. En þau eru a. m. k. sum framkvæmanleg án lagabreytinga, en mörg þeirra, sem ekki eru hér talin, eru það ekki. Og svo er hitt, að mest er um vert, að verkið sé hafið, því að þá opnast leið til stærri og meiri skipulagsbreytinga, sem við undirritaðir teljum nauðsynlegar, og sú þróun mun hér sem annars staðar reynast best.

Við viljum vekja athygli á því, að þrátt fyrir há útgjöld fjárlaga hefur hlutur verklegra framkvæmda rýrnað með hverju nýju fjárlagaári, enda er nú svo komið, að verulegur þáttur af framkvæmdum á vegum ríkisins hefur verið unninn fyrir lánsfé. Nokkur dæmi skulu hér nefnd:

Skuldir vegasjóðs eru nú um	500 millj. kr.		
— hafnargerða, þ. e. ríkisframlag, þar með tal-			
— ar framkvæmdir 1968	88	—	—
— landshafna	243	—	—
— ríkissjúkrahúsa og ríkisskóla	83	—	—
— rafmagnsveitna vegna línuf framkvæmda ...	14	—	—
— flugmála	100	—	—

Þennan skuldabagga ríkisins kemur þjóðin með frá góðu árunum til þeirra erfiðari. Slíkar skuldir vegna framkvæmda voru óþekktar fyrir stjórnartíð núverandi valdhafa. Þar við bætist það, að eftir að hafa notið svo góðærisins, að tekjur umfram fjárlög á s. l. átta árum eru ca. 2.5 milljarðar króna, þá er ríkissjóður kominn í nokkur hundruð milljóna króna skuld við Seðlabankann vegna greiðsluhalla, og sýnir það best árangur af útbenslu og stjórnleysi núverandi valdhafa. Öllum, sem vilja hugsa raunhæft um þjóðmálin og af ábyrgð, ætti að vera ljóst, að þjóðarnauðsyn er á stefnubreytingu í þá átt, sem hér er boðuð, ef farsæld á að ríkja í þjóðar-búskapnum.

Án þess að þjóðin hafi stjórn á ráðstöfun gjaldeyrstekna sinna, kemst hún ekki út úr vandanum né tekst henni að halda uppi góðum lífskjörum. Jafnframt því sem þjóðin verður að gæta fengins fjár á sviði gjaldeyrismála, sem annarra fjármuna, verður hún nú að auka gjaldeyrstekjur sínar með auknum iðnaði og öflun markaða fyrir útflutningsvörur sínar.

Það er eitt af stefnumálum stjórnarandstöðunnar að efla íslenzkan iðnað, svo að hann m. a. geti fullunnið hráefni íslenzkrar framleiðsluvöru. Hún vill bæta samkeppnisaðstöðu hans fjárhagslega og vernda, ef þess þyrfti með, svo að hann geti orðið sem virkastur í því að efla stöðugt atvinnulíf í landinu og þolað samkeppni að einhverju leyti. Markaðsleit og sala íslenzkrar framleiðsluvöru er meðal stærri verkefna, er þjóðin þarf að beita sér að í framtíðinni.

Skipulagsleysi í fjárfestingu og bein fjársóun, er átt hefur sér stað síðustu árin, mun valda meiru um, hvernig komið er efnahagsmálum þjóðarinnar, en þjóðin gerir sér enn þá grein fyrir. Þess vegna verður að taka upp stjórn á fjárfestingu jafnhliða stjórn gjaldeyrismála, þar sem verkefnum er raðað eftir gildi þeirra fyrir þjóðina, og þau látin ganga fyrir, sem mest þörf er fyrir og aukna atvinnu veita.

Eins og kunnugt er, hefur atvinnurekstur á Íslandi yfirleitt verið rekinn með halla tvö síðustu árin.

Tillögur okkar miða að því að hefja endurreisnarstarfið hjá atvinnuvegunum með frestun greiðslna á afborgunum, og vöxtum af föstum lánnum, með því að breyta lausaskuldum í föst lán til langs tíma, með aðstoðarlánnum í einstökum tilfellum og jafnvel með skuldaskilum, með því að létta sérsköttum af atvinnuvegunum, með lækkun vaxta og breyttu stofnlánakerfi, með auknum rekstrarlánnum. Við viljum einnig taka tryggingakerfið til endurskoðunar og sömuleiðis taka dreifingarkerfi olíuverzlana í landinu til athugunar og leita að heppilegustu leið til að sameina það. Það er skoðun okkar, að siendurteknar gengisfellingar hafi í för með sér

spillingu, ýti undir eyðslu og kæruleysi, og að sú lausn, sem farsælust muni reynast þjóðinni og atvinnuvegunum, sé að snúa frá stefnu verðbólgu, eyðslu og gengisfellinga. Við teljum eðlilegt, að leiðbeining og eftirlit sé af hálfu lánastofnana með þeim fyrirtækjum, sem aðstoðarlána þurfa að njóta, til þess að tryggð verði, að fyrirtækið og byggðarlagið njóti þess, sem að sé stefnt. Við viljum einnig undirstrika það, að sú stefna, sem fylgt hefur verið, að leggja háa skatta á atvinnuvegina og styrkja þá svo aftur með beinum framlögum úr ríkissjóði, er að okkar dómi röng stefna, enda hefur reynslan sannað það.

Hér að framan höfum við vikið að nokkrum atriðum, en hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. T. d. höfum við ekki nema lítið eitt vikið að stjórn peningamála, en eðli málsins samkvæmt, þar sem við viljum umfram allt forðast atvinnuleysi, þá viljum við einnig slaka á böndum þeim, sem Seðlabankinn hefur lagt á hluta sparifjár. Til þess að atvinnuvegirnir komist á þann rekspöl, að fram hjá atvinnuleysi verði komizt, verða meiri fjármunir að koma út í atvinnulífið en verið hefur. Stjórn viljum við að sjálfsögðu hafa á sparifé á þann hátt að ákvarða hlut fjárfestingar, rekstrar og hinna almennu viðskipta.

Eins og fram kemur í þeim meginatriðum, sem upp eru talin hér að framan, þurfti þjóðin nú að forðast að tefla í tvísýnu með aðgerðir sínar í efnahagsmálum, ekki eingöngu vegna atvinnuveganna og afkomunnar inn á við, heldur einnig vegna skipta sinna við önnur lönd. Skuldir þjóðarinnar út á við eru nú sem næst 70 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Árið 1958 þurfti hún 5.1% af tekjum sínum af vörum og þjónustu til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum. Þá töluðu sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn um hættu á þjóðargjaldþroti. En nú eftir tíu ára stjórn þeirra í samfelldu góðæri eru vextir og afborganir 15—18% af hliðstæðum tekjum. Framkvæmdir á árunum 1950—1958, svo sem bygging áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju, virkjun við Sog, virkjanir austanlands og vestan, dreifing raforku um landið, uppbygging landbúnaðar o. fl., o. fl., voru sízt minni verðmætastöpun en nú.

Nú ræða stjórnarliðar ekki um hættu á þjóðargjaldþroti, þegar afleiðing af stjórnleysi þeirra hefur lagt á þjóðina slíka gjaldabyrði, að ofraun mun flestum að standa við slíkar skuldbindingar.

Í samræmi við yfirlýsta stefnu flokka okkar, sem rækilega er undirstrikuð í þessu nefndarátliti, getum við ekki fylgt þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að ætla ekki að verja nema lítið eitt hærri fjárhæð til verklegra framkvæmda en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., þegar það var lagt fram. Því var þá lýst yfir, að á þeim vanda-málum yrði tekið seinna, en ekki er a. m. k. enn þá farið að áætla fé til verklegra framkvæmda, svo að notagildið verði svipað og fyrir gengisbreytingu.

Við teljum algert ábyrgðarleysi að ætla ekki að hafa neitt óráðstafað fé til að ráða fram úr atvinnumálum á næsta ári og flytjum tillögu um 350 millj. kr. fjárveitingu í því skyni. Lagt er til, að Alþingi og ríkisstjórn skipti fé þessu í samráði við svei'arfélög og stéttarfélög og því verði eingöngu varið til framkvæmda til atvinnuaukningar. Við munum við 3. umræðu gera tillögu um öflun tekna til að mæta þessum útgjöldum.

Við leggjum höfuðáherzlu á það, að ef stefnu stjórnarflokkanna verður endanlega fylgt við fjárlagaafgreiðsluna, svo sem nú virðist stefnt að, veldur það hrikalegum neyzlusamdrætti. Þá er siglt beint inn í atvinnuleysi og fátækt, og þá er tekjuáætlun fjárlagafrv. í miklu meiri hættu en ef tillögum okkar verður fylgt og næg atvinna verður í landinu.

Í nefndarátliti okkar hér að framan höfum við bent á fyrirheit ríkisstjórnarinnar, frá því að hún hóf valdaferil sinn. Við höfum sýnt fram á með dæmum, hvernig hún hefur farið af leið þrátt fyrir mörg góðæri í röð. Við höfum sýnt fram á, að nú hefur þjóðarskútan vegna stjórnleysis ríkisstjórnarinnar hrakizt í brimgarði skulda, gengislökkana, verðbólgu og ótryggs atvinnuástands. Við höfum sýnt fram á hrikaleg áföll, sem þjóðin verður fyrir vegna gengisbreytingarinnar, og

hversu áhættusamt fyrirtæki gengisbreytingin var, þar sem engin tilraun var samtímis gerð til að minnka vandann og ná samstöðu með þjóðinni um þá aðgerð, sem framkvæmd yrði.

Við höfum lýst þeim meginreglum, sem stjórnarandstaðan setti sér við lausn efnahagsmálanna. Við höfum einnig lýst því, hvernig stjórnarandstaðan hugðist vinna þetta verk.

Við höfum sýnt fram á algert áhugaleysi ríkisstjórnarinnar og fullkomið ábyrgðarleysi hennar við að reyna að ná þjóðareiningu um lausn efnahagsvandans. Þar fer hún aðeins að sínum eigin vilja, án nokkurs samstarfs né samráðs við aðra.

Við viljum að lokum undirstrika, að stefna ríkisstjórnarinnar hefur fært henni heim ófarirnar. Stefna, þar sem fjármagnið eitt á að stjórna, lýtur því lögmáli, að henni fylgja stórfelldar hagsveiflur og atvinnuleysi. Vegna þessarar stefnu er þjóðarskútan stödd í brimgarði efnahagsvanda, og með öllu er óvíst, hvað verður farið forgörðum, þegar höfn er náð.

Andstæð þessari stefnu er sú stefna, sem við höfum lýst sem okkar leið út úr vandanum. Þjóðin verður að gera sér grein fyrir þeim stefnumun, sem um er að ræða: Þar er stjórn — gegn stjórnleysi — og maðurinn sjálfur, sem stjórnar, en ekki fjármagnið, það lýtur hans valdi.

Alþingi, 13. des. 1968.

Halldór E. Sigurðsson,
frsm.

Geir Gunnarsson.

Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.